Bæjarstjórn Kópavogsbæjar

Digranesvegi 1,

200 Kópavogi

c/o Hafnarnefnd Kópavogshafnar

Kópavogi, 8. október 2022

Erindi:

Virðulega hafnarnefnd, Kópavogshöfn,

Kvikan Siglingafélag, Kópavogshöfn, óskar eftir því að hafnarnefndin beiti sér fyrir því að komið verði upp svo fljótt sem við verður komið, bensínafgreiðslu fyrir báta sem nota slíkt eldsneyti við Kópavogshöfn.

-Ástæða fyrir þessari ósk er sú að mikill fjöldi báta , með aðstöðu í Kópavogshöfn, notar bensín sem eldsneyti á sínar vélar.

Nú hagar svo til að menn eru að burðast með bensín í stórum brúsum, jafnvel í tugum lítra og flytjandi í bifreiðum sínum langar leiðir, með tilheyrandi mengunar- og slysahættu, auk hættu á að óhreinindi komist í eldsneyti við slíkan flutning í margvíslegum ílátum, sem getur leitt til þess að bátar verði vélavana á hafi úti.

Leyfum við okkur að benda á leiðbeiningar Vinnueftirlitsins um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sem byggja á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögum) og reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndar á vinnustöðum.

-Þess má geta að þegar eru tvær svona bensínafgreiðslur til staðar á höfuðborgarsvæðinu, önnur í Reykjavíkurhöfn og hin í Snarfarahöfn og hafa ekki verið nein vandkvæði af.

Kópavogur er annað stærsta sveitafélagið á höfuðborgarsvæðinu , með sína stóru og flottu höfn og á ekki að þurfa að sætta sig við einhverja verri þjónustu eða aðbúnað en veittur er við hafnir í Reykjavík.

Mikilvægi þess að fyrir hendi sé bæði olíu – og bensínafgreiðsla við Kópavogshöfn er gríðarleg, bæði fyrir öryggi, þjónustu og annað sem lýtur að rekstri hafnarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Kvikan Siglingafélag,

Kópavogshöfn

Sævar Einarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026